

LIST Í VITUM LANDSINS

Sagt hefur það verið... - Arna Valsdóttir

Ferskir vindar í Garði blésu gamla sönglaginu Suðurnesjamenn inn í vitund mína. Ég lagði leið mína í nýja vitann, sem staðfastur lýsir sjófarendum leið og raulaði lagið eftir minni á meðan ég ranglaði upp og niður stiga hans. Kvikmyndatökuvélin var með í för og í kjölfarið varpaði ég ferðalagi mínu um vitann. Ljósíð og hreyfimyndin urðu til þess að skapa einskonar margfeldi af byggingunni og sönglið kallaðist á við sjálft sig eins og bergmál liðinna tíma. Þetta var í annað sinn sem ég hef unnið verk sérstaklega inni í Garðskagavita en árið 2005 bauð Vitafélagið-Íslensk strandmenning mér að sýna í honum. Ég man að í fyrsta sinn sem ég kom inn í hann hugsaði ég með mér „hér þarf ekki að bæta neinu við“ slík er fegurð og áhrifamáttur byggingarinnar. Það ár bar ég ljós í vitann og vann ljósa/vídeo og tónlistarinnsetningu með vísun í hafið og þær víðáttur sem það felur í fangi sér. Það gladdi mig þegar Mireya Samper bauð mér svo að taka þátt í Ferskum Vindum í Garði 2017/18 og hugsaði ég strax til vitans eins og gamals vinar. Kannski er nýja verkið mitt einskonar óður til karlmennskunnar og þess brothætta og viðkvæma í henni. Það var gott að fá tækifæri til þess að dvelja í Garðinum um hríð og fá að kynna sérstöðu hans og fegurð. Ferskir vindar hafa gert Garðinn og Reykjanesið að einstakri náttúruverlu í hugum allra þeirra fjölmörgu listamanna, erlendra og innlendra sem tekið hafa þátt í hátíðinni.



Gróttu - Sigurbjörg Árnadóttir

Sýningin **TORF** eða **Earth Homing: Reinventing Turf Houses** var sett upp í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Sýningin var sett upp í Gróttu (Fræðasetrinu, Vitavarðarhúsinu, vitanum og Albertsbúð) sem og í Ráðagerði og stóð yfir dagana 8. ágúst til 9. september 2018. Sýningarstjóri var Annabelle von Girssewald en fjöldi íslenskra og erlendra listamanna tók þátt í sýningunni. Frá Gróttu fer sýningin til Noregs, þaðan sem torfbærinn er upprunninn segir Annabelle og fær þar samanburð við byggingalist Sama og síðan til Færeyja. Í Færeyjum gefst norrænum námsmönnum kostur á að taka þátt í námskeiði þar sem þeir nýta gögn frá fyrri sýningum í einskonar „tilraunastofu“. Annabelle segist vilja nýta sköpun listamanna og tilraunastarfsemi til að endurmeta hvernig vinna má með torf.



Velheppnaður listviðburður í Malarrífvita sumarið 2018 - Ragnhildur Sigurðardóttir

Ó, DÝRA LÍF Innsetning Jónínu Guðnadóttur í vitanum á Malarrífi 30. júní – 2. september 2018. Að sögn Ragnhildur Sigurðardóttur framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins Snæfellsness, sem hélt utan um verkefnið, tókst það ljómandi vel. Gestabækur hreinlega spændust upp og vitaverðir sumarsins töldu sig flestir hitta yfir 100 gesti dag hvern. Hugmyndina að verkefninu áttu Hollvinasamtök Þórðar frá Dagverðará, en Svæðisgarðurinn sótti um styrk í verkefnið í Uppbyggingarsjóð Vesturlands og til menningarnefndar Snæfellsbæjar. Aðrir helstu samstarfsaðilar voru Vegagerðin og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Ekki má svo gleyma Vitafélaginu og vitavörðunum, en auglýst var eftir vitavörðum til að passa vitann og listsýninguna. Viðbrögðin voru einstaklega ánægjuleg og var nánast slegist um dagana. Jónína setti upp glæsilega innsetningu í vitanum, með innblæstri frá hafinu, ströndinni og umhverfinu á Malarrífi. Vitar eru einstakt sýningarrými, í þessu tilfelli byrjar sýningin undir sjávarmáli og endar í fuglum himinsins á efsta palli. Á opunarhátíðinni söng karlakórinn Heiðbjört í vitanum og þar er mjög góður hljómburður. Það er alveg ljóst eftir sumarið að gestir og heimamenn á Snæfellsnesi hafa mikinn áhuga á listviðburði sem þessum, og því að fá að komast inn í vita og skoða hann.



Akranesviti - Hilmar Sigvaldason

Það er aldrei lognmolla í og við vitana á Akranesi. Þar stendur Hilmar Sigvaldason menningarvaktina og sinnir auk þess upplýsingum fyrir ferðamenn. Á meðal þeirra sem sótt hafa Hilmar og vitann heim á árinu er 270 manna hópur ferðamanna sem var í leit að norðurljósum. Fimm kórar litu við og fimm tónleikar voru haldnir. Nokkrir einstaklingar og hópar hafa hljóðritað í vitanum og í fjórða sinn frá því að vitinn var opnaður almenningi fór fram gifting í vitanum. Þrjár myndlistarsýningar voru haldnar í vitanum, þar af ein um sögu hans. Árleg sýning á verkum elstu leikskólalabarna Akraness var á sínum stað og framundan er heimsókn fjörutíu tónlistarmanna frá Bandaríkjunum sem ætla að hljóðrita í vitanum auk þess að taka upp myndband. Á Vökudögum í október verður þess minnst að eldri vitinn er hundrað ára og verða ýmsir menningarviðburðir á dagskrá bæði í mynd- og tónlist. Alla laugardaga í desember eru aðventutónleikar á dagskrá. Mikil uppbygging er nú í gangi við vitana og m.a. er verið að bæta aðgengi. Það er Akurnesingum til mikils sóma að hlú svo vel sem raun ber vitni að þessum öldungum bæjarins. Eldri vitinn er hundrað ára og sá yngri á áttæðisaldri en þeir bræður eru nú helsta aðdráttarafl bæjarins. .



Reykjanesviti - Sigurbjörg Árnadóttir


Skjöldur með afsteypu af skjaldarmerki tveggja Danakonunga var afhjúpaður á Reykjanesvita á Ljósanæturhátíðinni í Reykjanesbæ. Það var Arnþjórn Ólafsson, langafabarn og nafni fyrsta vitavarðarins sem afhjúpaði skjöldinn. Danski skjöldurinn var upprunalega settur á elsta vita Íslands, á Valahnjúki á Reykjanesi, en sá viti var tekinn í notkun 1. desember 1878 þegar Kristján IX var konungur Danaveldis. Frá vígslu Reykjanesvita hinn 20. mars 1908 og fram til um 1970, eða í rúm 60 ár, skartaði Reykjanesviti skjaldarmerki Danakonungs. Merkið þótti á sínum tíma mikilvæg viðurkenning konungs á mannvirkinu en Kristján IX var konungur Danmerkur 1863–1906. Hollvinasamtök vitans hafa áhuga á að nýta húsnæði neðan vitans sem m.a. hýsir ljósavél og vilja koma þar upp sýningu sem tengist vitanum.



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ Íslensk strandmenning

2. tbl 2018



Ágæti lesandi

Eftir viðburðaríkt sumar býr félagið sig nú undir vetrarstarfið. Eins og síðustu ár verða mánaðarlegir fyrirlestrar undir heitinu Spegill fortíðar-silfur framtíðar og eins og síðasta vetur verða þeir haldnir í húsakynnum Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur á Grandagarði 18, 2. hæð, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, frá október til apríl. Að þessu sinni er ætlunin að beina sjónum að umhverfismálum við haf og strönd.

Umgengni við þessa dýrmætu auðlind hefur ekki alltaf verið upp á marga fiska og það er fyrst nú sem það virðist hvarfla að fólk að kannski sé hið gamla máltæki okkar „lengi tekur sjórin við“ ekki alveg rétt. Hann tekur að vísu lengi við en ekki endalaust án þess að bíða skaða. Það eru margar blikur á lofti í málefnum hafsins og hættunar margar sem að því og lífríki þess steðja. Plastmengun, olíumengun, hækkun sjávar, fiskeldi, ferðamenn og svo framvegis. Það er því ætlun okkar að leggja okkar lóð á vogaskálar umfjöllunar um haf og strönd og fá að venju sérfróða einstaklinga til liðs við okkur til að fræða okkar félagsmenn og aðra um þennan málafokk.

Við kveðjum afmælisár fullveldis með hugleiðingum Kristínar Ásgeirsdóttur, sagnfræðings og fyrrum framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu um hvað áunnist hefur í stöðu íslenskra kvenna síðustu hundrað árin, en fyrstu fjóra mánuði ársins voru spegilkvöldin helguð afmælisárinu.

Norræna strandmenningarhátíðin sem að þessu sinni var haldin á Siglufirði tókst með miklum ágætum þó svo að veðurguðirnir væru ekki í sumarskapi alla daga og bitnaði það verst á handverksfólki sem var við vinnu sína í tjöldum. Ég er þess fullviss að þessa daga urðu til tengsl á meðal fólks sem skila munu bæði Siglufirðingum og öðrum landsmönnum auknu samstarfi við frændur okkar handan Atlantsála og auka þannig þekkingu og veg íslenskrar strandmenningar.

Við þurfum reyndar ekki alltaf á erlendum gestum að halda til þess að koma saman og hampa okkar eigin strandmenningu – miðla og læra hvert af öðru og efla tengsl og samstarf. Á samstarfi þurfum við virkilega að halda og þessi þáttur menningararfsins, sem er samofin okkar daglega lífi, á það svo sannarlega skilið að vera gert hátt undir höfði ár hvert.

Stjórn Vitafélagsins-Íslenskrar strandmenningar hvetur alla til að ganga til liðs við Bláa herinn og hreinsa fjörur, firði og fjöll af plasti og öðru rusli. Stöndum vörð um hreint haf og eflum strandmenninguna með verndun og nýsköpun.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN

KONUR OG FULLVELDIÐ Í 100 ÁR - Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur

Undanfarin níu ár hefur mælst minnst kynjabil á Íslandi af ríkjum heims. Þennan árangur má fyrst og fremst þakka þrotlausri baráttu kvennahreyfinga í tæplega 150 ár. Fjöldi kvenfélaga og hreyfinga voru stofnuð sem beittu sér fyrir auknum réttindum kvenna á öllum sviðum samfélagsins og smátt og smátt náðist árangur.

Hvar var kvennabaráttan stödd 1. des 1918 þegar fullveldinu var fagnað? Þá höfðu íslenskar konur öðlast kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna. Konur 40 ára og eldri fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis 1915 og það stýttist í að sá réttur yrði sá sami og karla (1920). Konur höfðu einnig öðlast jafnan rétt til embætta, náms og styrkja (1911).



Það breyttist þó fátt. Aðeins örfáar konur komust að sem kjörnir fulltrúar. Laun verkakvenna voru þriðjungur til helmingur af launum karla fyrir sömu störf. Verkkvennafélögum fór þó ört fjölgandi um land allt, því konur voru ekki velkomnar í félög karla fremur en í stjórnmalin eða inn í valdastofnanir. Sú hugmyndafræði var ríkjandi að hlutverk kvenna í hinu nýja fullvalda ríki ætti fyrst og fremst að vera inni heimilinu að sinna búi og börnum. Um þetta urðu mikil átök, t.d. á Alþingi, eftir að fyrsta konan steig þar inn fyrir dyr 1923. Húsmæðrahugmyndafræðin varð ofan á og húsmæðraskólar risu um land allt. Þeir skólar gáfu mörgum stúlkum tækifæri til að fara að heiman og mennta sig sem húsmæður. En mjög fáar stúlkur tóku stúdentspróf, hvað þá háskólapróf. Kvenréttindakonur voru þó alltaf til staðar, reyndu að andæfa og koma konum að, t.d. á Alþingi, en árangurinn var lítil. Margar konur unnu utan heimilis, t.d. í fiskvinnu eða tóku að sér alls konar þjónustustörf til að drýgja tekjur heimilisins en lítið var á slíkt sem aukagetu. Kreppan eftir 1930 og heimsstyrjöldin síðari frá 1939-1945 breyttu litlu hvað varðaði stöðu kvenna en umræður og aðgerðir til að hefta samgang kvenna við breska og bandaríska hermenn, „ástandið“ svokallaða, varpa ljósi á afstöðu til kvenna, þær voru að bregðast þjóðríkinu.

Eftir heimsstyrjöldina síðari fæddust stórir árgangar barna sem þurftu nýja skóla og alls kyns þjónustu. Jafnframt urðu miklar breytingar í íslenskum fiskiðnaði með tilkomu frystihúsanna. Smátt og smátt jókst atvinnuþátttaka kvenna. Konum fjölgaði líka í menntastofnunum þjóðarinnar. Spennan milli aðstæðna útvinnaðna kvenna og þeirra hugmynda sem ríkjandi voru um hlutverk þeirra fór vaxandi og endaði með sprengingu árið 1970 þegar Rauðsokkahreyfingin birtist á götum Reykjavíkur 1. maí.

Nú var allt tekið til umræðu: launamisrétti, skólabækur, skortur á dagvistun fyrir börn, sundurslitinn skóladagur, þörf fyrir frjálsar fóstureyðingar, fæðingarorlof, tungumálið og hugmyndir um konur og stöðu þeirra og margt fleira. Rauðsokkahreyfingin var angi af heimshreyfingu en önnur félög tóku líka við sér. Síðan rann upp kvennaár Sameinuðu þjóðanna 1975 sem íslenskar konur nýttu til hins ítrasta. Þær öðluðust heimsfrægð með kvennafrídeginum 24. október. Í kjölfarið var byrjað að vinna markvisst að jafnrétti kynjanna að hálfu ríkisvaldsins með setningu jafnréttislaganna 1976 og tilkomu jafnréttisráðs. Undir lok áttunda áratugarins tóku sjónir að beinast að kvenmannslausum valdastofnunum: ríkisstjórn, Alþingi og sveitarstjórnir. Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands 1980 og í kjölfarið komu kvennalistar í stjórnmalum sem buðu fram á tímabilinu 1982-1995. Það varð að koma konum þangað sem völdin voru til þess að knýja fram samfélagsbreytingar. Kvennalistarir höfðu mikil áhrif á stjórnmalin og samfélagið. Konum fjölgaði jafnt og þétt í sveitarstjórnunum og á Alþingi (bakslag varð í kosningunum 2017), málefni sem vörðudu stöðu kvenna voru sett á dagskrá, allt frá aðgerðum til að jafna laun kynjanna til ofbeldis gegn konum, réttindum samkynhneigðra og áhersluatriðum í atvinnusköpun í landinu.

Hvert skrefið á fætur öðru hefur verið stigið það sem af er 21. öldinni. Fæðingarorlof fyrir feður, kvótar í öllum opinberum nefndum, ráðum og stjórnunum, sem og í stærri fyrirtækjum og stjórnunum lífeyrissjóða, bann við nektardansi, bann við kaupum á vændi og nú síðast jafnlaunavottun. Þá hefur lögum sem varða ofbeldi í nánnum samböndum verið margbreytt til að skila betri árangri.

Skrefin eru mörg sem stigin hafa verið á þessum 100 árum. Margt er þó eftir enn. Launamisrétti er enn til staðar og hefbundin kvennastörf til of fárra fiska metin. Konur bera enn meiri ábyrgð en karlar á heimilum og börnum og enn eru völd karla í atvinnulífnum miklu meiri en kvenna. Klám, kvenfyrirlitning og ofbeldi eru því miður enn við lýði og skaðlegar karlmennskuimyndir allt of algengar. Það er því sannarlega verk að vinna við að þróa samfélag okkar í átt til aukins jafnréttis, jöfnuðar og sjálfbærni á öllum sviðum.

NORRÆNA STRANDMENNINGARHÁTÍÐIN Á SIGLUFIRÐI - Örlygur Kristfinnsson

Norræna strandmenningarhátíðin var haldin á Siglufirði 4. - 8. júlí í sumar. Var hún sú sjöunda í röð þessara árlegru hátíða og önnur sem haldin er á Íslandi. Það var Vitafélagið – Íslensk strandmenning sem stóð fyrir hátíðinni, með þátttöku sveitarfélagsins Fjallabyggðar og Síldarminjasafns Íslands. Mikil og fjölbreytt dagskrá stóð til boða og með sama hætti má segja að veðrið hafi ekki látið sitt eftir liggja í breytilegri dagskrá. Norrænir þátttakendur voru fjölmargir og höfnin prýdd glæsiskípum. Hér fléttuðust fleiri þættir í meginhátíð strandmenningarinnar, 100 ára kaupstaðarafmæli Siglufjarðar, 100 ára afmæli fullveldis Íslands og nítjándra Þjóðlagahátíðin. Allt þetta studdi hvað annað og gerði hátíðina mun meiri að vöxtum og gæðum en ella. Nú skulum við færa okkur nær hátíðinni og slást í för með ónefndum samkomugestum í blöðskaparveðri á föstudegi og skoða það sem fram fer.

Eftir fjölpjóða málþing um norræna bátasmiði má sjá síldarsöltun á Síldarminjasafninu þar sem síldarfólkið lætur hendur standa fram úr ermum, syngur síðan nokkra gamla slagara og leiðir dunandi bryggjuball. Ég sá hana fyrst í sumar sem leið í síldinni norður á Siglufirði ...

Framan við planið liggur Tecla, gamall hollenskur síldarkúttur – einstaklega fallett skip. Hvort sem við skoðum hið mikla safn síldarminjanna eða geymum það þangað til síðar þá liggur leiðin þaðan út í Bátadokkina þar sem fjöldi smáfiskibáta liggur og sýningartjöld handverksfólks hefur verið raðað meðfram bryggjunum að hafnarveitingahúsunum Rauðku og Hannesi Boy. Handverkið listilegt og lífrænt við hvert fót mál þar sem eld-, ullar-, skinna- og rennismiðir sýna og selja.

Nú fara fornar raddir að berast um svæðið, þar er kvæðamannaflokkurinn Ríma á ferð og staldrar við hér og þar og tekur m.a. lögin Austan kaldinn á oss blés... og Siglir dýra súðin mín ...

Við stórskipabryggju skammt frá liggja Húni II og Oksøy og síðar átti eðalskútan Ópal eftir að slást í hópinn og rétt hjá svara samkomugestir þorsta sínum á Hafnarkaffi (Harbour House Café). Allir eru í sólskinsskapi og þótt gamla síldarhöfnin hafi gengið í endurnýjun lífdaga þá er ekki laust við að gestafleyin og sérlega þau hámastra séu farin að kveikja glóð í sálarkirnunni og ríka kennd fyrir sögu og minningum. Það er snertispölur í Slippinn, elsta trébátasmiðaverkstæðið á landinu og þar hvin í 110 ára gömlum hefli og bandsög sem þjóna bátasmiðunum sem endurgera gamla trillu og norskir snillingar hafa byrjað smíði á litlum árabáti með fornum vinnuaðferðum. Þarna er stöðugur gestagangur og mikill áhugi á handverkinu og Breiðafjarðarbátunum sem Hafliði Aðalsteinsson hefur stillt upp til sýningar utandyra.

Frá Slippnum eru sporin létt eftir Aðalgötunni þar sem handverks- og listasýningar eru á báða bóga; samsýning listamanna í Fjallabyggð í gömlu frystihúsi, rétt hjá er sýningin Saga Fotografica og handverksgalleriinn hjá Abbyju og í Hjarta bæjarins. Sjómennskan er ekkert grín er heiti á listsýningu Árna Páls í Söluturninum. Þaðan eru nokkur skref í Þjóðlagasetrið þar sem írsk sjóara- og pöbbumúsík er leikin af fjölpjóða hljómsveit úti á grasflötinni. Því sólin hún skín og í seglunum hvin og við höldum til hafs á ný. Áfram rekur okkur eftir Aðalgötunni þar sem við tyllum okkur kannski meðal sól- og bjórþyrstra ferðalanga á útveitingastöðum og loks er stuttur spölurinn að Alþýðuhúsinu, Ljóðasetri Íslands og Ráðhússsalnum þar sem ljósmyndir eru sýndar.

Nú er langt liðið á daginn og brátt fara að hefjast raðtónleikar Þjóðlagahátíðar allt frá kirkjunni og inn í Bátahús Síldarminjasafnsins. Og kvöldið rennur síðan inn í rauða nóttina þar sem frjálsir músikantar þenja "trekkspilinn" á einhverjum pöbbum og stór hópur Færeyinga iðkar söngdansa sína af hjartans innlifun, Ó Rasmus, ó Rasmus!

Nýr dagur rennur upp ýmist með nýjum eða endurteknum dagskrárlíðum. Tveir sænskir meistarakokkar, Ted og Andreas, metta sex hundruðin með fjölbreytilegum síldarréttum, tveimur færeyskum grindabátum er róið um höfnina og eftir lokadansleikinn á einni stórskipabryggjunni fara þúsundirnar einnig að verða fullmettar á allri strandmenningunni – í bráð að minnsta kosti.

Að síðustu leggur presturinn blessun guðs yfir lok hátíðarhaldanna undir Hvanneyrarskál á sunnudegi – þar Adamssynirnir og Evudæturnar áttu sín leyndarmál.

Þetta eru brot af fjölbreytilegum dagskráratríðum sem teygðu sig langt út fyrir miðbæinn, allt norður í Sauðanesvita og austur í Pálshús í Ólafsfirði með sjávar tengdum ljósmyndasýningum.

Það er samdóma álit allra sem nærri komu að Norræna strandmenningarhátíðin 2018 hafi tekist með miklum ágætum. Og ljóst er að að baki svo viðamikillar dagskrár og öllu sem henni tengdist var afar mikill og vandaður undirbúningur. Er þeim Sigurbjörgu Árnadóttur, formanni Vitafélagsins, Anitu Elefsen, safnstjóra Síldarminjasafnsins, og Lindu Leu Bogadóttur, markaðs- og menningarfulltrúa Fjallabyggðar, færðar bestu þakkir fyrir þeirra starf.

Umhugsun og niðurstaða þess sem naut og hafði skemmtan á þessum góðu strandmenningardögum á Siglufirði er þessi: af hverju er slík hátíð ekki haldin árlega á Íslandi? Til hliðar við samnorrænu hátíðina verði haldin fjölbreytileg hátíð þar sem menning fiskibæjanna og sjómennskunnar er í heiðri höfð á alþýðlegan og skemmtilegan hátt. Vil ég undirritaður skáka fram stað mínum Siglufirði, þar sem allt er fyrir hendi, nálægðin við hafið, lifandi og fjölbreytileg starfsemi kringum höfnina, ríkulegt menningarlíf og mikil reyning í að halda slíkar hátíðir. Mætti vel sjá fyrir sér ákveðið samstarf við Þjóðlagahátíðina og Trilludaga sem hafa fest sig í sessi og með slíkri samvinnu ættu allir hlutir að verða auðveldari og skemmtilegri en ella.

Bestu þakkir!

Strandmenningarhátíð á Siglufirði 2018



100
FULLVELDI
ÍSLANDS
1918 - 2018